



# Dalabyggð



## **Greinargerð með fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2024-2027**

7. desember 2023

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....  | 2  |
| Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2024 .....          | 3  |
| A og B hluti sveitarsjóðs .....                                    | 3  |
| 00 Skatttekjur .....   | 3  |
| 02 Félagsþjónusta .....  | 3  |
| 03 Heilbrigðismál .....  | 3  |
| 04 Fræðslu- og uppeldismál .....                                   | 3  |
| 05 Menningarmál .....  | 4  |
| 06 Æskulýðs- og íþróttamál .....                                   | 4  |
| 07 Brunamál og almannavarnir .....                                 | 4  |
| 08 Hreinlætismál .....   | 4  |
| 09 Skipulags- og byggingarmál .....                                | 4  |
| 10 Umferðar- og samgöngumál .....                                  | 5  |
| 11 Umhverfismál .....  | 5  |
| 13 Atvinnumál .....  | 5  |
| 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....                            | 5  |
| 21 Sameiginlegur kostnaður .....                                   | 5  |
| 22 Lífeyrisskuldbindingar .....                                    | 5  |
| 28 Fjármagnsliðir .....  | 6  |
| 31 Eignasjóður .....   | 6  |
| 43 Vatnsveita .....  | 6  |
| 53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún .....                    | 6  |
| 57 Leiguíbúðir .....   | 6  |
| 61 Fráveita .....  | 6  |
| 65 Dalaveitur ehf. ....  | 6  |
| Dalagisting .....  | 6  |
| Fjárfestingafélagið Hvammur .....                                  | 7  |
| Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir ..... | 7  |
| Fjárfestingar .....  | 7  |
| Mælaborð fjárhagsáætlunar og lykiltölur 2024 - 2027 .....          | 8  |
| Fréttatilkynning .....   | 10 |

## Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2024-2027 kom til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 9. nóvember síðastliðinn. Byggðarráð hóf undirbúning að áætluninni í lok júlí og samþykkti tímalínu/verkáætlun um fjárhagsáætlunarferlið á fundi sínum í 20. júlí sl.

Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á fimm fundum, þar af einum milli umræðna. Einnig var fjárhagsáætlunin rædd í öllum nefndum sem og á vinnufundum sveitarstjórnar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í 2 umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 eru bindandi fjárheimildir fyrir rekstur sveitarfélagsins það ár en tölur sem snerta árin 2025-2027 er áætlun fyrir þau ár.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var unnin af deildarstjórum hinna ýmsu eininga og starfsmanna á skrifstofu Dalabyggðar.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda, launasetningu og á spám þar um, m.a. skv. minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Áætlanir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsinga frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá.

Áætlunin um rekstur Dalabyggðar er í ágætu jafnvægi öll árin sem um er að ræða. Það er þó þannig að nú sem oft áður er ákveðin óvissa í lofti hvað varðar þróun verðlags, verðbólga er há og kjarasamningar lausir á árinu 2024 þannig að gera má ráð fyrir að breyta þurfi fjárhagsáætluninni með viðaukum á komandi ári.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefnda jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærra en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir tímabilið sem um ræðir stenst þessar reglur.

Á fundi sínum 30. nóvember sl. samþykkti byggðarráð að álagningarhlutfall útsvars verði 14,74% sem er óbreytt frá yfirstandandi ári. Álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðargjalda verður einnig óbreytt milli ára. Álagningarhlutfall vegna holræsa- og vatnsgjalds er óbreytt milli ára. Gjaldskrár Dalabyggðar hækka að öllu jöfnum um 8% og er sú hækkun ofan á gjaldskrár sem tóku gildi þann 1. janúar 2023 og fylgja því algerlega þróun verðlags sl. 12 mánuði á tímabilinu sem um ræði því verðbólga á ársgrundvelli á árinu 2023 er skv. hagtölum 8,0%. Gjaldskrá sorphirðu hækkar um 30% en þrátt fyrir þá hækkun þá dugar gjaldtakan ekki til að standa undir kostnaði vegna málaflokksins að fullu. Breytingar á viðmiðunartekjum vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega taka nokkrum breytingum.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram með þessari greinargerð og skjali sem í fundargögnum heitir „Fjárhagsáætlun 2024-2027, seinni umræða“. Komi það í ljós að mismunur sé milli talna í því skjali og þessari greinargerð þá eru það tölurnar í fyrrgreindu skjali sem gilda en ekki greinargerðin.

## Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2024

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 85,9 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 80,9 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 2,3 milljarður króna í árslok 2024, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 1.243 milljónir króna og eigið fé um 1.050 milljónir króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 158,6 milljónir króna eða 14,8% og samantekið fyrir A- og B-hluta 178,4 milljónir króna, eða um 16,1% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar eru samtals að fjárhæð 704 milljónir króna og vega þar lang þyngst fyrirhugaðar framkvæmdir við íþróttamannvirki í Búðardal eða um 600 milljónir króna á árinu 2024.

## A og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2025-2027 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau verða frá 1. janúar 2024: Fasteignafélagið Hvammur ehf., Félagslegar íbúðir, Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf., Vatnsveita og byggðasamlag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um brunavarnir. Byggðasamlagið er fært sem B hluta stofnun hjá Dalabyggð þar sem sveitarfélagið greiðir um 52% af rekstrarkostnaði þess.

Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2024 borin saman við útkomuspá 2023.

## 00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 8,7% milli ára og verði 441,6 milljónir kr. á árinu 2024. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verða framlög til Dalabyggðar 400,2 milljónir króna en það er hækkun um 13,2% á milli ára. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats. Í heildina hækka tekjur A hluta um 11,6% á milli ára. Greidd staðgreiðsla hefur verið að hækka á milli ára eða um ríflega 9% fyrstu 10 mánuði á árinu 2023 m.v. sama tíma árið 2022.

## 02 Félagsþjónusta

Samningur við Borgarbyggð um félagsþjónustu, barnavernd og þjónustu vegna fatlaðra rann út í ársbyrjun 2023 og heldur Dalabyggð nú utan um rekstur þeirra málaflokka sem um ræðir í samstarfi við verktaka í einstaka tilfellum og svo er á lokametrum vinna við gerð samnings við Akraneskaupstað um þjónustu í barnaverndarmálum. Sú breyting, ásamt því að breytingar eru á lögum um málefni barna og barnavernd gerir það að verkum að kostnaður við málaflokkinn hækkar.

## 03 Heilbrigðismál

Heilbrigðismál og framlag til þess málaflokks standa nokkuð í stað á milli ára.

## 04 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslumál taka til sín um 48% skatttekna sveitarfélagsins eða 42,3% heildartekna A og B hluta. Málaflokkurinn hækkar um 5,4% í heildina, rekstur grunnskóladeildar hækkar um 7,4% en leikskóladeild lækkar um 5,9%.

Stór hluti fjármagns til fræðslu- og uppeldismála fer í launakostnað eða sem nemur 64% enda stærsti vinnustaður Dalabyggðar sem skiptist niður í grunn- og leikskólaskóla auk tónlistardeildar. Vinna við ræstingar og rekstur mötuneytis er nú á hendi verktaka eftir útboð á þeim rekstrarþáttum á árinu 2023. Á árinu 2023 fjölgaði leikskólabörnum og eru í lok árs 26 börn í leikskóla á 3 deildum. Fækkað hefur í grunnskóla og eru nemendur þar í lok árs 77 í 3 bekkjadeildum. Gert er ráð fyrir að dvalargjald fyrir elsta hóp (skólahóp) verði óbreytt þ.e. gjaldfrjálst, að öðru leyti hækkar gjaldskrár um 8%.

## 05 Menningarmál

Málaflokkur menningarmála hækkar um 9,5% milli ára. Áfram verður gjaldfrjáls bókasafn á næsta ári en innheimt verður sem fyrr sektargjald og gjald vegna millisafnalána. Rekstur Árblik, Eiríksstaða og Vínlandsseturs er í höndum rekstraraðila sem eru með samning þar um við Dalabyggð og matarsmiðja verður starfrækt í Tjarnalundi.

Húsnæðismál Byggðasafnsins er enn í ákveðinni óvissu líkt og undanfarin ár, safnið heldur þó núverandi húsnæði sínu út árið 2024 eða þar til endanleg sala á Laugum fer fram

## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi í æskulýðs- og íþróttamálum og mun heildar rekstrarkostnaður málaflokksins verða um 60 millj.kr. og er stærsti hluti þeirrar upphæðar innri rekstrarkostnaður. Áfram er gert ráð fyrir 30% starfi í Félagsmiðstöð. Upphæð tómsundastyrkja til barna- og unglinga með lögheimili í Dalabyggð verður áfram 20.000 á ári. Að auki verður áfram veittur stuðningur við tómsundaakstur barna að Laugum þar til ný íþróttamannvirki í Búðardal rísa. Á árinu 2024 er ætlunin að auka aðgengi elli- og örorkulífeyrisþega með því að bjóða upp á frían aðgang að heilsurækt sem er í eigu ungmennafélagsins Ólafs Pá í Búðardal.

Vinnuskóli verður starfræktur fyrir unglinga 14-16 ára í 6 vikur yfir sumarmánuðina.

## 07 Brunamál og almannavarnir

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrarkostnaði milli ára og áfram verður haldið í endurnýjun á minni tækjabúnaði fyrir slökkvistöð og mun heildarhækkun málaflokksins vera um 14,5%. Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahreppur reka í sameiningu byggðasamlag um brunavarnir. Heildarkostnaður Dalabyggðar í rekstri byggðasamlags um brunamál er um 52% en skipting kostnaðar fer eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni. Bakvakt stjórnanda er alla daga utan dagvinnutíma. Hún er sameiginleg fyrir allt svæði byggðasamlagsins.

## 08 Hreinlætismál

Í áætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir 30% hækkun á sorpgjöldum. Samkvæmt lögum eiga innheimt gjöld að standa undir kostnaði við hann, svo hefur ekki verið lengi. Þrátt fyrir gjaldskrár hækkun er heildarkostnaður málaflokksins um 22,3 millj.kr. sem greitt er með málaflokksnum sem er þó lækkun um 13,8% milli ára.

## 09 Skipulags- og byggingarmál

Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi reka í sameiningu embætti byggingarfulltrúa og fer skipting kostnaðar eftir fasteignamati og íbúafjölda hvers aðildarsveitarfélags hverju sinni og er hlutur Dalabyggðar hátt í 50% af heildar rekstrarkostnaði. Rekstur embættis skipulagsfulltrúa hefur verið í verktöku sl. ár og verður svo áfram á árinu 2024.

Á árinu 2024 er ert ráð fyrir vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir Búðardal og liggur fyrir samkomulag við Arkís þar um. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarkostnaður málaflokksins hækki um 15,3% milli ára.

## 10 Umferðar- og samgöngumál

Rekstur málaflokksins helst að mestu svipaður milli ára en stærsti kostnaðarliðir þessa málaflokks er viðhald gatna og kostnaður við snjómokstur og hálkuvagnar innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið greiðir bæði fyrir snjómokstur í Búðardal og svokallaðan helmingamokstur á móti Vegagerðinni í dreifbýlinu. Gert er ráð fyrir svipuðu fjármagni í snjómokstur og undanfarin ár, sem verið hafa frekar snjólétt, eins er gert ráð fyrir svipuðu fjármagni og undanfarin ár í gatnaviðgerðir. Með tilkomu nýrra gatna í Búðardal er gert ráð fyrir auknum tekjum í formi gatnagerðagjalda vegna nýbygginga, bæði íbúðar- sem og iðnaðarhúsnæðis. Endurnýjun götulýsingar sem unnið hefur verið að mun skila sveitarfélaginu lægri rafmagnskostnaði. Málaflokkurinn hækkar um 13,4%

## 11 Umhverfismál

Framlag til málaflokksins hækkar samkvæmt áætlun um 4,3% á milli ára. Nýr samningur um refa- og minkaveiðar, sem gerður var á árinu 2023, leiddi til þess að fjölgað var þeim grenjum sem unnin eru. Nú eru 16 refa- og minkaveiðimenn með samninga um veiðar.

Frá árinu 2011 hefur verið úthlutað til sjálfboðavinnuverkefna sem aðalega hefur verið til fegrunar í sveitarfélaginu sem gengur út á að umsækjendur sækja um tiltekna fjárhæð sem öflunar aðkeyptrar vöru eða þjónustu tengt verkefninu, umsækjandi leggur vinnuframlag sitt sem mótframlag.

## 13 Atvinnumál

Í málaflokkinn atvinnumál er áætlað að verja um 29,6 millj.kr. Stór hluti þess fjármagns er rekstur upplýsingar – og ferðamálafulltrúa sem sér um kynningarmál sveitarfélagsins og er tengiliður við atvinnulífið. Aðkoma Dalabyggðar að rekstri Nýsköpunarsetursins á jarðhæð stjórnsýsluhússins í Búðardal, sem komið var á fót á árinu 2022, er einn af þeim þáttum sem undir málaflokkinn heyrir.

## 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Í ljósi breytinga á rekstri Silfurtúns og tilfærslu þess rekstrar til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er ekkert framlag lagt til B-hluta fyrirtækja á árinu 2024.

## 21 Sameiginlegur kostnaður

Rekstur málaflokksins stendur nokkuð í stað þó hækkunin nemi 4,8%. Á árinu 2024 er þó áætlaður kostnaður vegna mögulegra forsetakosninga.

## 22 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins skiptast í 2 hluta, annarsvegar er skuldbindingar Dalabyggðar á lífeyri fyrrum starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar viðbótarlífeyrisskuldbinding v/Brúar. Gera má ráð fyrir að kostnaður málaflokksins hækki vegna boðaðra hækkana á viðbóta lífeyrisskuldbindinga saman boðaðar hækkningar frá Brú lífeyrissjóð, ekki liggja fyrir upplýsingar um þau áhrif þegar þessi greinargerð er unnin.

## 28 Fjármagnsliðir

Hækkun vaxta- og verðbótakostnaðar varð töluverður á árinu 2023 en gera má ráð fyrir lækkun á árinu 2024 samhliða uppgreiðslu núverandi lánasamninga sveitarfélagsins. Inn koma ný lán og er gert ráð fyrir kostnaði sem hlýst af því í áætlun komandi ára. Það sem tilheyrir þessum málaflokki er mismunur fjármagnstekna (s.s. arðgreiðslna, inneignavaxta) og fjármagnsgjalda (s.s. vaxtakostnaður langtímalána).

## 31 Eignasjóður

Málaflokkurinn samanstendur af innri rekstri allra bygginga og/eða eigna sveitarfélagsins ásamt minniháttar viðhaldskostnaði. Heildartekjuafgangur málaflokksins er áætlaður fyrir árið 2024 kr. 75,8 milljónir kr. Eins mun vaxta- og verðbótakostnaður lækka milli ára vegna uppgreiðslu lána.

## 43 Vatnsveita

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri Vatnsveitu á næsta ári. Nýframkvæmdir í byggingariðnaði í Búðardal kalla á auknar framkvæmdir og endurbætur því all nokkrar bilanir hafa komið upp í kerfinu enda vatnsveitukerfið orðið 40 ára gamalt. Framkvæmdir vegna nýframkvæmda vatnsveitu á Laugum er að mestu lokið.

## 53 Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún

Heilbrigðisstofnun Vesturlands tekur við rekstri dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns um áramótin 2023/2024 og þar með lýkur rekstri Dalabyggðar á öldrunarheimilinu. Eignir félagsins verða gerðar upp og færast yfir á eignasjóð Dalabyggðar, upp í uppsafnaða skuld. Íbúðir sem voru í eigu Dvalar- og hjúkrunarheimilisins voru seldar yfir til Leigufélagsins Bríet í nóvember 2023.

## 57 Leiguíbúðir

Eignir voru seldar á árinu 2023 og er því rekstri sveitarfélagsins á félagslegu húsnæði hætt.

## 61 Fráveita

Lokaáfangi fráveituframkvæmda eru áætlaðar á næsta ári s.s. með uppsetningar nýrra hreinsistöðvar í Búðardal. Gera má ráð fyrir einhverjum minniháttar viðhaldsframkvæmdum á lagnakerfinu.

## 65 Dalaveitur ehf

Dalaveitur ehf hafa tekið yfir rekstur hitaveitunnar á Laugum en að öðru leiti er rekstur miðaður við lámarks viðhaldskostnað á ljósleiðara. Hjá Dalaveitum hefur eins og öðrum B-hluta deildum aukist vaxtakostnaður vegna breytinga á verðbótum síðasta árs. Að meðaltali eru um 195 notendur á ljósleiðara sem skiptist í bæði einstaklingsnotendur og Fjarskiptanotendur. Unnið er að úttekt á því hvort Dalabyggð eigi að halda utan um rekstur ljósleiðarakerfisins áfram eða losa sig undan þeim skuldbindingum nú þegar kerfið er komið í fullan rekstur.

## Dalagisting

Dalagisting er rekstrarfélag sem á og leigir út hótélhluta bygginganna á Laugum.. Eignarhlutur Dalabyggðar í félaginu er 72,69%. Stefnt er að því að leysa upp reksturinn um leið og sala á eignum að Laugum gengur í gegn en fram að því fjármagnar Dalabyggð þann rekstur og þau útgjöld sem Dalagisting stendur frammi fyrir.

## Fjárfestingafélagið Hvammur

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf. er að 70,93% í eigu Dalabyggðar og 29,07% eigu Byggðarstofnunar. Tilgangur félagsins er að efla og styðja við uppbygginu atvinnulífs á starfssvæði þess með uppbyggingu atvinnuhúsnæðis. Verið er að skoða að fá inn í félagið aukið hlutfé til að styrkja stoðir þess.

## Byggðasamlag Dala, Reykhóla og Strandabyggðar um brunavarnir

Sjá umfjöllun um málaflokk 07.

## Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum sem gert er ráð fyrir að færist til eignar á efnahagsreikningi:

|                                | í millj.kr     |                |               |               |
|--------------------------------|----------------|----------------|---------------|---------------|
|                                | 2024           | 2025           | 2026          | 2027          |
| Grunnskóli/leikskóli           | 18.000         | 25.000         | 10.000        | 15.000        |
| Leifsbúð                       | 1.000          | 1.000          | 2.000         | 2.000         |
| Eiríksstaðir                   | 4.000          | 2.000          |               |               |
| Árblik                         | 1.000          | 2.000          | 1.000         | 2.000         |
| Tjarnalundur                   | 1.000          |                | 2.000         | 1.000         |
| Dalabúð                        | 2.500          | 25.000         | 20.000        | 10.000        |
| Dalabúð - áhöld                |                | 1.000          |               |               |
| Íþróttamiðstöð                 | 600.000        | 700.000        |               |               |
| Slökkvistöð                    | 2.500          | 2.000          |               |               |
| Slökkvibúnaður                 |                |                |               | 2.000         |
| Gatnaframkvæmdir               | 10.000         | 10.000         | 20.000        | 15.000        |
| Sorphúsnæði/áhöld              | 4.500          | 500            | 500           | 10.000        |
| Fjárréttir                     |                | 1.000          | 1.000         |               |
| Tjaldsvæðið Búðardal           | 1.500          | 500            | 1.000         | 1.000         |
| Stjórnsýsluhús                 | 1.000          | 4.000          | 1.000         | 10.000        |
| Áhaldshús                      | 12.000         |                |               |               |
| Silfurtún – Viðhald fasteignar | 15.000         | 10.000         | 6.000         | 15.000        |
| Fráveitukerfi                  | 25.000         | 3.000          | 10.000        | 5.000         |
| Dalaveitur – hitaveita Laugum  | 1.000          |                | 10.000        | 3.000         |
| Vatnsveita                     | 3.000          | 3.000          | 8.000         | 5.000         |
| Götulýsing                     | 1.000          | 1.000          | 1.000         |               |
|                                |                |                |               |               |
|                                |                |                |               |               |
| <b>Samtals</b>                 | <b>704.000</b> | <b>790.000</b> | <b>93.500</b> | <b>96.000</b> |

Heildar fjárfestingar árið 2024 eru áætlaðar 704 milljónir króna. Hluti af fjárfestingarliðunum er áframhaldandi viðhald á fasteignum sveitarfélagsins en einnig áframhaldandi uppbygging á nýju




fráveitukerfi og íþróttamiðstöð í Búðardal, sem og gatnaframkvæmdum en samþykktar hafa verið og auglýstar lóðir á iðnaðarsvæðinu við Iðjubraut og íbúðarhúsaloðir við Lækjarhvammi, Bakkahvammi og Efstahvammi þar sem samhliða framkvæmdum við götur verður unnið að framkvæmdum við vatns- og fráveitukerfi.


## Mælaborð fjárhagsáætlunar og lykiltölur 2024 - 2027

Hér á eftir er yfirlit yfir stöðu helstu lykilþátta hvað fjárhagsstöðu Dalabyggðar snertir og horfur í þeim þáttum á næstu árum:


Þróun skuldahlutfalls – skuldahlutfall og skuldaviðmið sveitarfélagsins er alltaf undir 150% viðmiði.




Framlegðarhlutfall – framlegð sveitarfélagsins er yfir lágmarksviðmiðum öll tímabilin



Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum - er yfir viðmiðum öll árin fyrir utan 2023 þegar það er undir viðmiði eða 0,5% en ætti að vera yfir 1,4%




Veltufjárhlutfall – er yfir 1,0 fyrir öll árin




Skuldaþekja – er yfir viðmiðum fyrir öll árin



Nýfjárfesting/lántaka sem hlutfall af skuldum – er yfir viðmiðum fyrir utan 2026 og til framtíðar



Endurgreiðslutími skulda – er undir 20 árum fyrir öll árin fyrir utan útkomuspá 2023



## Fréttatilkynning

### Gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í Dalabyggð árin 2024 til 2027

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2024-2027 var lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn og samþykkt einróma fimmtudaginn 7. desember 2023.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar (A og B hluta) árið 2024 er jákvæð um 85,9 milljónir króna. Nýjasta útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 63 milljónir króna á árinu 2023 þannig að áfram er haldið á sömu braut með sjálfbærni reksturs sveitarfélagsins að leiðarljósi. Heildarvelta Dalabyggðar er áætluð 1.195,4 millj.kr. á árinu 2024 og lækkar á milli ára vegna þess að rekstur öldrunraheimilisins Silfurtúns verður ekki lengur á herðum Dalabyggðar.

Líkt og áður fer stærstur hluti útgjalda sveitarfélagsins til fræðslu- og uppeldismála en rúmlega 48% skatttekna Dalabyggðar renna til málaflokksins.

Útsvarsprósenta Dalabyggðar er óbreytt á milli ára, er og verður 14,74%. Gjaldskrár í Dalabyggð hækka almennt um 8% á milli ára sem er í takt við verðlagsþróun sl. 12 mánuði því verðbólga mælist nú á ársgrunni 8,0%. Því má segja að ekki sé um að ræða raunbreytingar á gjaldskrá, gjaldskrá sorphirðu/úrgangs hækkar þó um 30% en stendur þó ekki enn að fullu undir rekstrarkostnaði málaflokksins. Sveitarstjórn ákvað að viðhalda ákvörðun sem tók gildi í ársbyrjun 2023 um að fella niður vistunargjald í leikskóla hjá elsta árgangi í leikskóla hverju sinni, svokölluðum skólahóp, stuðningur við frístundaakstur ungmenna í samstarfi við Íþróttafélagið Undra heldur sér og einnig verður boðið upp frí afnot af líkamsræktaraðstöðu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í samstarfi við Ungmennafélagið Ólaf Pá frá 1. janúar 2024. Árskort á Héraðsbókasafn Dalasýslu verður áfram gjaldfrjálst á nýju ári og haldið er inni menningarmálaverkefnasjóði sem styður við menningarverkefni í heimabyggð. Þá hefur Dalabyggð verið að endurnýja ýmsa samstarfssamninga s.s. við Leikklúbb Laxdæla, Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN), Félag eldri borgara í Dölum og Reykhólahreppi og Skátafélagið Stíganda þar sem stutt er við félagsstarf og líflegt mannlíf í sveitarfélaginu. Þessar ráðstafanir m.a. sýna einbeittan vilja sveitarstjórnar Dalabyggðar til að skapa sem bestar búsetuaðstæður fyrir íbúa á öllum aldri.

Skuldahlutfall Dalabyggðar nú er aðeins 61% og útlit er fyrir að núverandi langtímaskuldir Dalabyggðar verði greiddar upp að mestu á árinu 2024. Áætlað er að skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2024 verði komið í um 120% því ný lántaka er í farvatninu því vonir standa til að langþráðar framkvæmdir við íþróttamannvirki í Búðardal hefjist á árinu 2024 sem mun hafa í för með sér nýja lántöku. Áfram verður haldið með gatnaframkvæmdir, bæði hvað varðar íbúðagötur og eins í iðnaðarhverfi og framkvæmdum við fráveitukerfi í Búðardal verður fram haldið. Endurbætur á skólahúsnæði halda áfram og einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi stofnframlögum til bygginga íbúða.

Markmið sveitarstjórnar Dalabyggðar er að bæta lífsgæði í sveitarfélaginu og að íbúum fjölgi á næstu árum samhliða því að sjálfbær rekstur sveitarsjóðs haldi áfram. Það eru næg verkefni í Dalabyggð og tækifæri á hverju strái ef svo má segja og því mikilvægt að fá fleiri hendur til starfa og þátttöku í því blómlega og kröftuga samfélagi sem í Dalabyggð er.